

Ítareftirlit

Skv. 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum. Í lögnum stendur að „eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.“ „Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi mánaðarlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar af slátruðum fiski, eldisrymi, fóðurnotkun, birgðir af fiski mældar í lífmassa, uppruna fisks, sjúkdóma, sníkjudýr og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Matvælastofnun er heimilt að kalla eftir frekari gögnum en hér greinir þegar tilefni er til.“

Eftirlitsatriði

Rekstrarleyfi

- Starfsemi samræmist rekstrarleyfi
 - Lífmassi
 - tegundir
- Trygging til staðar og í gildi næsta árið.
- Starfsleyfi Umhverfisstofnunar í gildi.

Dagbókarfærslur

- Daglegt eftirlit skráð, t.d. hitastig, súrefnisinnihald.
- Dauðfiskur fjarlægður daglega og fjöldi og þyngd skráð.
 - Verklag við talningu og vigtun þegar um mikið magn er að ræða.

Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva

- Eru stöðvarskírteini í gildi?
- Er eldisstöð í samræmi við stöðvarskírteini?
- Stöðvarskírteini og skrá um meginíhluti skulu vera aðgengileg á þeirri eldisstöð sem þau eiga við um eða í tilheyrandi starfsstöð í landi.

Bátar og flutningstæki

- Allir bátar sem notaðir eru við sjókvíaeldisstöðvar eiga að vera útbúnir með hlíf fyrir skrófu
- Öll tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum eru hönnuð þannig að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa. Staðfesta þarf þrif og sótthreinsun eftir flutninga.
- Rekstraraðili óskar eftir staðfestingu þjónustuaðila á að búnaður sem notaður er í sjó við eldiskvíarnar hafi verið þveginn og sótthreinsaður áður en hann fær heimild til að koma inn á sjókvíaeldisstöð.
- Rekstrarleyfishafi skal þrifa og sótthreinsa búnað sem fluttur er á milli fjarða eða sjókvíaeldissvæða.

Dauðfiskur

- Allur dauðfiskur er fjarlægður daglega úr eldiseiningu (þegar veður leyfir)
- Fjöldi og þyngd dauðfisks skráð

Eldisbúnaður

- Allur búnaður á eldissvæðum í áreiðanlegu tæknilegu ástandi
 - Floteiningar
 - Netpoki fyrir neðan hoppnet
 - Hoppnet, ekki of lág
 - Festingar við flothring
 - Fuglanet
 - Dauðfiskaháfur/Lift-Up
 - Fóðrari
 - Myndavélar
- Komi upp frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til stroks skal rekstraraðili tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr stroki
- Tilkynna skal um frávik á búnaði til Matvælastofnunar og til framleiðanda og/eða þjónustuaðila

- Er til staðar búnaður á svæðinu til að bregðast við auknu magni sveimara og dauðfisks.
- Eru viðhaldsáætlanir til staðar hjá fyrirtækinu og er haldið utan um skrá yfir viðgerðir á búnaði?

Eftirlit og viðgerðir á netpokum

- Virkt eftirlit er með netpokum
 - Athuga hvort farið sé í viðgerðir þegar þarf.
 - Skipt við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009 og hefur fengið vottun af faggildri skoðunarstofu.
- Allar viðgerðir skulu skráðar í sérstaka ástands- og viðgerðarskýrslu sem inniheldur a.m.k.:
 - Nafn, heimilisfang og undirskrift verkstæðis.
 - Númer vottunarskírteinis.
 - Einkennisnúmer netpokans.
 - Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda.
 - Lýsingu á viðgerðinni.
 - Bráðabirgðaviðgerðir til að hindra stök eru undanþegnar kröfunum.
 - Ástands- og viðgerðarskýrsla skal vera aðgengileg fyrir Matvælastofnun.

Eldissvæði

- Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva er innan tilgreinds ræktunarsvæða í rekstrarleyfi.
 - Samanburður á stöðvarskírteini og rekstrarleyfi.
- Allur búnaður sjókvíaeldisstöðva (kvíar, festingar, þrammar o.fl.) er innan tilgreinds ræktunarsvæðis (hnita) í rekstrarleyfi.

Hvöld eldissvæða

- Sjókvíaeldissvæði eru hvöld í a.m.k. 90 daga þegar eldi og slátrun hveirar kynslóðar líkur.

Merkingar sjókvíaeldisstöðva – kvíar vel sjáanlegar sjófarendum

- Gult merki og gult endurskinsmerki við jaðar sjókvíaeldisstöðvar.
- Gult ljós við jaðar sjókvíaeldisstöðvar eða með lýsingu frá eldiskvíum og fleka.
- Radarspegill við jaðar sjókvíaeldisstöðvar.
- Flot sem notuð eru til merkingar skulu vera gul á litinn.
- Óbein lýsing eða önnur lýsing við eða á sjókvíaeldisstöð má ekki blinda sjófarendur.

Framkvæmd flutnings

- Allur flutningur á notuðum búnaði milli eldissvæða þarf að hafa hlotið samþykki Matvælastofnunar.
- Allur flutningur á lifandi eldisfiski á sjó eða landi er óheimill nema að honum fylgi heilbrigðisvottorð, útgefið af sérgreinaðýralækni fisksjúkdóma eða opinberum dýralækni undir hans stjórn.
- Eftirlit með flutningi á fisk skv. evrópureglugerð.
 - Athuga hvort að allur flutningur hafi vottorð.

Viðbragðsáætlun vegna stroks

- Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnun, sveitafélaga og næstu veiðifélög.
- Viðbragðsáætlun vegna stroks aðgengileg á eldissvæði.
- Viðbragðsáætlun kynnt fyrir öllum starfsmönnum eldisstöðvar.
- Skil innihalda m.a. leiðbeiningar um:
 - Hvernig hindra skal áframhaldandi stök.
 - Hvernig tilkynna skal um stök.
 - Hvernig endurheimta skal fisk sem strýkur.
- Er skráð: markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skal skrá?
- Áhættumat til að lágmarka líkur á stroki.
 - Greining á því hvenær eru mestu líkur á stroki.
 - Hvernig rekstraraðili ætlar að koma í veg fyrir stök.
 - Hvernig verða viðbrögð rekstraraðila við stroki í hverjum flokki fyrir sig.
- Eru viðbragðsáætlanir á íslensku?
 - Skilja starfsmenn það sem stendur í viðbragðsáætlunum?
 - Ber saman viðbragðsáætlunum á milli tungumála, séu þær til á fleiri en einu tungumáli?

Búnaður til að endurheimta fisk

- Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði.
 - Net í öllum þrómmum.
 - Möskvar neta eru í samræmi við stærð fiska í sjónum.
 - Viðhald og endurnýjun neta er skráð.
- Framkvæmd veiða: Rekstrarleyfishafi skal grípa til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að varna stroki innan 200 metra frá stöðinni

Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

- Aðgengi að gæðahandbók.
- Verklag til staðar um skipulag og ábyrgðaskiptingu.
- Skrá og áætlun um fræðslu og þjálfun starfsmanna.
- Skipurit til staðar þar sem fram kemur starfsheiti einstakra stjórnenda á starfsstöðvum.
 - Skipurit fyrir starfsmenn allra eldissvæða rekstrarleyfis.
- Heiti starfsstöðvar, staður og hnit er til staðar ásamt korti af staðsetningu sjókvíaeldisstöðva.
- Ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna eru skýrar.
- Staðfesting á að árlegur fundur hafi verið haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvar þar sem fram kemur að farið hafi verið yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Þjálfunarskrá starfsmanna

- Fyrir alla starfsmenn.
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna þar sem fram kemur hvenær þjálfun var lokið, undirskrift starfsmanns og leiðbeinanda.
- Tilgreint er hvaða þjálfun starfsmaður hefur lokið.
- Heildstæð skrá yfir hvaða verkþætti starfsmaður þarf að tileinka sér við upphaf starfs og hvaða þekkingu þarf að viðhalda.
- Allir starfsmenn skulu fá eftirfarandi þjálfun:
 - Að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun.
 - Að lágmarka umhverfisáhrif.
 - Að tryggja velferð eldisdýra.
- Staðfest þátttaka starfsmanns á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Nýliðapjálfun

- Kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis.
- Varnir gegn stroki; helstu ástæður og hvernig má koma í veg fyrir stök.
- Viðbrögð við stroki.
- Meðhöndlun eiturefna þegar við á.
- Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Verklagsreglur (Hér er leitað eftir upplýsingum um markmið, tíðni, framkvæmdaraðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu í þeim tilvikum sem það á við.)

Að lágmarki þurfa að vera til staðar eftirfarandi verklagsreglur:

- Um móttöku seiða þar sem m.a. kemur fram:
 - lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð.
 - hvernig þjónustubátur kemur að eldiskví.
 - skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví.
- Um losun á dauðum fiski úr eldiskví þar sem tíðni þarf að koma fram.
- Um skiptingu á netpoka þar sem m.a. er gengið úr skugga um að engin göt séu á pokanum og að frágangur sé í lagi
- Um hreinsun á netpoka
- Um slátrun á fiski þar sem m.a. kemur fram:
 - Hvernig sláturbátur kemur að eldiskví
 - Skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að koma með bát að eldiskví
- Eru verklagsreglur á íslensku?
 - Skilja starfsmenn það sem stendur í verklagsreglum?
 - Ber saman verklagsreglum á milli tungumála, séu þær til á fleiri en einu tungumáli?

Viðbragðsáætlanir - (Hér er leitað eftir markmiðum, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörkum, aðgerðum til úrbóta og hvað skal skrá í þeim tilvikum sem það á við.)

- Í viðbragðsáætlunum skal koma fram:
 - mat á líkum á að hvaða atburðir geta gerst.
 - mat á við hvaða aðstæður hver atburður gæti gerst.
- Strok – hindra strok, tilkynna strok, endurheimta fisk.
- Tímabundin og varanleg rekstrarstöðvun.
- Massadauði vegna sjúkdóma og umhverfisástands.
 - Hvað er gert við mikið magn af dauðfisk?
 - Hvernig fjarlægður úr eldiskvíum?
 - Hvernig skal meðhöndla mikið magn af dauðfisk?
 - Hvernig er útbúnaðurinn til þess að fanga slíkt magn úr eldiskví?
 - Hvernig á að standa að því að fjarlægja slíkt magn af dauðfiski upp úr eldiskví?
- Olíumengun.
- Fárviðri og ísing á búnaði.
- Hafís, lagnaðar- og rekís.
- Afræningjar.
- Tjón á kvíum vegna slysa/áreksturs.
- Eru viðbragðsáætlanir á íslensku?
 - Skilja starfsmenn það sem stendur í viðbragðsáætlunum?
 - Ber saman viðbragðsáætlunum á milli tungumála, séu þær til á fleiri en einu tungumáli?

Innra eftirlit

- Verklag til staðar sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Fram skal koma: Markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta og hvað skal skrá.
- Starfrækja gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti þar sem koma fram verklagsreglur stöðvar þar sem m.a. er fjallað um þjálfun starfsmanna, viðhalds- og viðbragðsáætlanir, sbr. viðauka III.
- Virkt eftirlit þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktun, hvenær og hvernig vöktun fer fram.
- Skilgreina viðmið fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð.
- Skilgreina hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.
- Skrá allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar.
- Rekstrarleyfishafi skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og gera nauðsynlegar úrbætur.
- Eftirlit með ástandi á búnaði
- Eftirlit með hreinsun á búnaði

Að lágmarki:

- Móttökueftirlit (ástand netpoka við móttöku)
- Yfirborðseftirlit (s.s. ástand á búnaði, fiski á yfirborði og afræningjum við eldiskvíar)
- Neðansjávarseftirlit (köfun eða eftirlit með neðansjávarmyndavélum)
- Eftirlit með sníkjudýrum (laxalús, fiskilús)
- Eftirlit með skyggni sjávar (sjóndýpi)
- Eftirlit með sjávarhita
- Eftirlit með súrefnisinnihaldi sjávar
- Vöktun á botnseti / botndýrum

Innri úttekt – sannprófun

- Verklag til staðar sem sýnir að rekstrarleyfishafi rýni reglulega þau kerfi og þær verklagsreglur sem settar eru fram í gæðahandbók
- Óháður sannprófunarhópur
- Sannprófað árlega
- Sannprófað eftir strok eða önnur alvarleg óhöpp
- Sannprófað eftir verulega breytingar á rekstri fiskeldisstöðvar
- Gátlisti sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa
 - A.m.k. alla kafla gæðahandbókar
 - Merkt við hvort atriði séu í lagi eða ekki

- Allar skráningar á innra eftirliti
- Var fyrirbyggjandi ráðstöfunum fylgt varðandi:
 - Viðhald á eldisstöðinni
 - Þjálfun starfsmanna
 - Verklagsreglur
 - Var viðbragðsáætlunum framfylgt?
 - Var eftirlit og úrbætur í samræmi við innra eftirlit?
 - Var ástæða til að breyta þeim viðmiðunum?
 - Voru fullnægjandi úrbætur gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila (T.d. UST og MAST)?
- Staðfesting á árlegri sannprófun
 - Ef óvænt atvik urðu á árinu fór þá sannprófun fram?
- Úrbætur og skráning
 - Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar
 - Tímasett úrbótaáætlun skal gerð fyrir þau atriði sem metið var að þyrftu frekari úrbætur.

Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

- Í viðbragðsáætlun skal skilgreina eftirfarandi og viðbrögð rekstrarleyfishafa:
 - Fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir álag vegna sníkjudýra s.s. með búnaði eða með hreinsifiski
 - Tímabil, tíðni og umfang talningar fyrir hvert svæði
 - Skilgreina mörk á lágmarksfjölda sníkjudýra, eftir árstíma, staðhættum og stærð fisks sem fela í sér þörf á aðgerðum
 - Áætlun um viðbrögð við lágmarksfjölda sníkjudýra eftir tegund, þroska og áhrifum á eldisfisk. Í áætlun skulu tilgreind einstök skref sem taka mið að mismunandi ástandi
 - Í áætlun skal tilgreina hvenær rekstrarleyfishafi muni upplýsa Matvælastofnun um viðbrögð, hvenær ósk um meðhöndlun skuli lögð fram og hvað felist í ósk um meðhöndlun þ.m.t. böðun, lyfjablöndun fódurs eða önnur lyfjagjöf
 - Jafnframt skal í áætlun tilgreina hvenær slátrun er valkostur í viðbragðsáætlun
 - Í áætlun skal einnig tilgreina skref um samræmd viðbrögð ótengdra rekstrarleyfishafa á eldissvæðum ef þörf er á